

Reglur Stefnis hf. um framkvæmd starfa endurskoðunar- og áhættunefndar

1. gr. Gildissvið og tilgangur.

1.1 Reglur þessar gilda um starfsemi endurskoðunar- og áhættunefndar Stefnis hf. Nefndin er sameinuð endurskoðunarnefnd og áhættunefnd, sbr. 4. mgr. 78. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Nefndin er undirnefnd stjórnar og er skipuð af stjórn í samræmi við 108 gr. a laga nr. 3/2006 um ársreikninga og starfsreglur stjórnar og 78. gr. laga nr. 161/2002. Nefndin starfar í umboði og á ábyrgð stjórnar.

1.2 Tilgangur reglnanna er að skilgreina hlutverk nefndarinnar, fjalla um verkefni hennar og að kveða á um verklagsreglur, réttindi og skyldur nefndarmanna. Með reglunum er nefndinni sett almenn umgjörð með það að markmiði að skýra verksvið hennar gagnvart stjórn og að stuðla að vandaðri málsmeðferð.

2. gr. Innihald

2.1 Þessar reglur fjalla m.a. um:

- Skipan nefndarinnar.
- Verksvið og hlutverk nefndarinnar.
- Verklag nefndarinnar, samskipta- og boðleiðir.
- Þagnar- og trúnaðarskyldu nefndarmanna.
- Upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun nefndarinnar.

3. gr. Skipan nefndarinnar

3.1 Stjórn Stefnis ber ábyrgð á skipan nefndarinnar. Skal nefndin skipuð þremur mönnum hið minnsta og skulu nefndarmenn vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum félagsins og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður Stefni hf. Nefndin skal skipuð a.m.k. 2 stjórnarmönnum.

3.2 Hvorki framkvæmdastjóri félagsins né aðrir starfsmenn þess mega eiga sæti í nefndinni.

3.3 Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.

3.4. Nefndin skipar nefndarritara, sem má vera úr hópi starfsmanna félagsins, að höfðu samráði við framkvæmdastjóra.

4. gr. Verksvið og hlutverk nefndarinnar

4.1 Nefndin skal að tryggja áreiðanleika ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga ásamt óhæði endurskoðenda Stefnis að teknu tilliti til 1. mgr. 99. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga þar sem getur að dótturfélag skal kjósa a.m.k. einn af endurskoðendum eða skoðunarmönnum móðurfélags til að gegna samskonar starfa fyrir dótturfélag ef þess er nokkur kostur. Þá skal

RS.
[Handwritten signatures]

nefndin sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn félagsins, m.a. vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja fyrirtækisins.

4.2 Nefndin skal starfa sem samskiptaaðili milli stjórnar félagsins, stjórnenda þess og ytri og innri endurskoðenda félagsins í tengslum við skýrslugjöf þeirra og málefni sem tengjast innra eftirliti.

4.3 Nefndin skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk (án tillits til ábyrgðar stjórnar Stefnis, stjórnenda Stefnis eða annarra):

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits Stefnis, innri endurskoðun og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.
- Meta reikningsskil og skýrslugerð stjórnenda um fjármál Stefnis.
- Hafa eftirlit með áhættugreiningu og viðbrögðum við áhættu.
- Fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem fram koma á innra eftirliti.
- Kanna hvort hvatar sem falist geta í starfskjarastefnu félagsins, þar með talið breytilegum starfskjörum, samræmist áhættustefnu þess.
- Kanna hvort kjör á þjónustu boðinni viðskiptavinum félagsins, taki að fullu mið af viðskiptalíkani og áhættustefnu félagsins. Reynist kjörin ekki í samræmi við áhættuna af rekstrinum samkvæmt viðskiptalíkani og áhættustefnu félagsins skal nefndin leggja fram úrbótaáætlun til stjórnar.

5. gr. Fundir, ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.

5.1 Nefndin skal að lokinni árlegri skipan hennar koma saman til fundar, þar sem nefndarmenn kjósa formann úr eigin röðum.

5.2 Formaður skal hlutast til um að nýir nefndarmenn fái leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar.

5.3 Formaður nefndar stýrir fundum. Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir nefndarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur.

5.4 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundum í öllum málum. Falli atkvæði jöfn er málinu vísað til stjórnar.

5.5 Formaður boðar til funda, eða ritari nefndarinnar í umboði formanns, og skal gera það með minnst sjö daga fyrirvara. Formaður nefndarinnar getur þó ákveðið skemmri frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna. Fundir skulu haldnir að jafnaði einu sinni á ársfjórðungi, en oftár telji nefndin ástæðu til.

5.6 Formaður skal sjá til þess að haldin sé fundargerðarbók um það sem gerist á fundum og um ákvarðanir nefndarinnar. Fundargerðir skulu vera skriflegar og undirritaðar af nefndarmönnum. Í fundargerðarbók skal a.m.k. skrá eftirfarandi:

- Nafn og kennitölu félagsins.
- Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
- Númer fundar.
- Hverjir sitja fundinn og hver stýri honum.
- Dagskrá fundarins.
- Stutta skýrslu um umræður á fundinum og hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
- Hvenær og hvar næsti fundur verður haldinn.
- Hver ritað hafi fundargerðina.
- Gögn sem dreift er til nefndarmanna skulu talin upp.
- Hvort og hvers vegna aðili vikor af fundi við umræðu eða ákvörðun dagskrárliðar og hvort sá aðili hafi haft aðgang að gögnum vegna umræðu eða ákvörðunar.

5.7 Skrifleg fundargögn um einstök málefni á dagskrá skulu send nefndarmönnum að lágmarki tveimur virkum dögum fyrir fundinn. Formaður getur ákveðið skemmri frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna.

5.8 Ritari nefndarinnar skal senda nefndarmönnum drög að fundargerð innan viku frá nefndarfundi. Fundargerð skal borin upp til samþykktar í upphafi næsta fundar. Ritari nefndarinnar skal færa fylgigögn hvers fundar, ásamt fundargerð, til varðveislu hjá skjalastjóra félagsins. Fundargerðir nefndarinnar skulu vera aðgengilegar stjórn og framkvæmdastjóra.

5.9 Í upphafi hvers starfsárs gerir nefndin áætlun um nefndarfundi ársins, fundi með endurskoðendum, stjórn og fundi með starfsmönnum félagsins. Jafnframt gerir nefndin áætlun um fundarefni.

5.10 Nefndin skilar a.m.k. árlega verkefnaáætlun og skýrslu um störf nefndarinnar til stjórnar Stefnis. Í skýrslum til stjórnar skal koma fram samskipti nefndarinnar við stjórn, endurskoðendur og starfsmenn. Þá skal koma fram mat nefndarinnar á vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits, mat á innri endurskoðun og áhættustýringu. Einnig skal koma fram mat á óhæði endurskoðanda/endurskoðandafyrirtækis ásamt mati á endurskoðun ársreiknings.

5.11 Nefndin skal meta með reglubundnum hætti störf sín, verklag og starfshætti. Niðurstaða mats skal geta í skýrslu til stjórnar. Þar skal getið um hvaða þættir í árlegri verkefnaáætlun hafa verið unnir, framvinda atriða í verkefnaáætluninni og hvort niðurstöður þeirra athuganna hafi verið ásættanlegar.

7. gr. Samskipti við ytri og innri endurskoðendur

7.1. Endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki skulu gera árlega endurskoðunaráætlanir sem skilað er til nefndarinnar. Þá skulu endurskoðendur, minnst einu sinni á ári, gera skriflega grein fyrir störfum sínum og óhæði til nefndarinnar. Mikilvæg atriði sem fram koma við endurskoðunina skal skýra nefndinni frá eins fljótt og auðið er og skal sérstaklega getið á um mögulega veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.



8. gr. Ráðgjafar og upplýsingaöflun

8.1 Nefndinni er heimilt, ef nauðsyn þykir, að leita atbeina ráðgjafa í störfum sínum og skulu ráðgjafar vera óháðir félaginu, framkvæmdastjóra þess og lykilstjórnendum, stórum hluthöfum og þeim stjórnarmönnum sem ekki eru óháðir. Nefndin ber ábyrgð á því að kanna óhæði ráðgjafa sinna. Nemi áætlaður kostnaður vegna ráðgjafarstarfa fyrirsjáanlega meiru en sem nemur 500.000. kr. á ársgrundvelli skal leita samþykkis stjórnar fyrir kaupunum.

8.2 Nefndin skal hafa aðgang að þeim gögnum sem hún þarf til að geta sinnt hlutverki sínu í samræmi við reglur þessar. Beiðni nefndarinnar um gögn og upplýsingar skal senda til framkvæmdastjóra eða ritara eftir því sem við á. Nefndin getur boðað stjórnarmenn, stjórnendur og starfsmenn, þ.m.t. starfsmenn þeirra er sinna útvistuðum verkefnum fyrir félagið, á fund sinn eftir þörfum.

8.3 Framkvæmdastjóri og ritari nefndarinnar skulu vera til aðstoðar eftir því sem hún óskar eftir. Framkvæmdastjóri skal fara yfir og skýra starfsemi Stefnis á undum nefndarinnar sé þess óskað af nefndarmönnum.

9. gr. Ýmislegt.

9.1. Reglur þessar taka mið af 108 gr. a laga nr. 3/2006 um ársreikninga, 78. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og starfsreglum stjórnar. Við gerð þeirra var litið til leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja, með hliðsjón af gildandi leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja. .

9.2 Nefndin skal árlega endurskoða reglur þessar og skila tillögum sínum að breytingum til stjórnar með skýrslu sinni.

9.3 Einungis Stjórn Stefnis hf. getur gert breytingar á starfsreglum þessum.

9.4 Ákvæði reglna þessara koma til fyllingar lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög, lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði og samþykktum félagsins, auk annarra afleiddra réttarheimilda. Við framkvæmd þeirra skal litið til reglna Stefnis hf. um framkvæmd starfa stjórnar og framkvæmdastjóra um atriði sem ekki er sérstaklega getið hér og eiga þær við um störf nefndarinnar eftir því sem við á. Við framkvæmd reglnanna skal stefnt að samræmdri framkvæmd þeirra reglna sem gilda um starfssvið stjórnar félagsins og undirnefnda.

9.5 Reglur þessar skulu birtar í reglubók félagsins.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum Stefnis hf. 12. maí 2016.

Haraldur Þorvaldursson
Jónni L. Helgason
Þórunn Gunnarsdóttir
Kristjánsson
Ragnm. Jónsson